



Kæri sveitarstjóri/bæjarstjóri

Selfossi 15. mars 2019

Í samræmi við samþykkt á ársþingi SASS 2018 og ákvörðun stjórnar SASS og verkefnastjórnar Sóknaráætlunar Suðurlands, er vinna við áhersluverkefnið Úrgangsmál og meðferð úrgangs á Suðurlandi (stefnumörkun) hafin. Jafnframt hefur verið ákveðið að hluti af næstu Sóknaráætlun Suðurlands 2020 til 2024 verði umhverfis- og auðlindastefna fyrir Suðurland.

Verkefnisstjóri verkefnisins er Elísabet Björney Lárusdóttir, umhverfisfræðingur. Vinsamlegast sendið svarbréfið sem er í viðhengi beint til hennar á netfangið [elisabet@bjorney.is](mailto:elisabet@bjorney.is)

Framundan eru miklar breytingar í úrgangsmálum á Suðurlandi og er hætt við að kostnaður við málaflokkinn muni aukast mikið á næstunni. Á sama tíma hafa nýjar reglugerðir verið innleiddar hjá Evrópusambandinu sem byggja á hringrásahagkerfinu, þ.e. að horfið verði frá núverandi fyrirkomulagi úrgangsmeðhöndlunar sem felur í sér urðun og brennslu í átt að meiri endurnotkun og endurnýtingu. Á grunni Evrópska efnahagssamningsins tekur Ísland við regluverkinu frá ESB og innleiðir í sitt regluverk, þannig að stefnur og breytingar á lagaumhverfi ESB hafa bein áhrif á stefnu og breytingar á lagaumhverfi Íslands.

Markmið ESB fela í sér að lífrænn úrgangur eigi að vera flokkaður í sveitarfélögum fyrir árið 2023 og endurvinnsla af öllum úrgangi verði 65% fyrir árið 2035. Jafnframt hafi verið sett bindandi markmið um að urðun sveitarfélaga megi ekki fara umfram 10% af úrgangi sveitarfélaga á því ári. Þetta hefur í för með sér að svigrúm til brennslu megi að hámarki vera 35% af heildarúrgangi sveitarfélaga, 25% ef sveitarfélög nýta áfram urðun, og sýnir því glöggst hver framtíðin verður hjá ESB. Þetta þýðir ennfremur að til að ná þessum markmiðum munu álögur á urðun og brennslu aukast til að beina sveitarfélögum í áttina að meiri endurvinnslu og endurnotkun. Framtíðin liggur því þar.

Í ljósi þessara staðreynda er mjög mikilvægt að landshlutinn leggist á eitt í stefnumörkun fyrir málaflokkinn. Sem liður í því ferli verður sett af stað stöðumatsgreining á úrgangsmálum á Suðurlandi.

Stöðumatsgreiningin á að byggjast á annarsvegar upplýsingum um magn úrgangs og kostnaði við þjónustukaup vegna úrgangsmála annars vegar og flokkun hins vegar. Markmiðið með þessari upplýsingaöflun er að fá yfirsýn yfir heildarkostnað málaflokksins sem grundvöll að framtíðarsýn og stefnu og við að samræma úrgangsflokkun á Suðurlandi.



Óskað er eftir upplýsingum um eftirfarandi, sbr. eyðublað í viðhengi:

- Vinsamlegast tilnefnið tengilið frá ykkur við Elísabetu.
- Vinsamlegast sendið Elísabetu upplýsingar um hver er og hefur verið þjónustuaðili sorhirðu hjá ykkur síðastliðin 10 ár. Jafnframt að sveitarfélagið samþykki að Elísabet hafi heimild sveitarstjórnar til að hafa samband við viðkomandi þjónustuaðila til að fá upplýsingar um úrganginn hjá ykkur, þ.m.t. um magn og kostnað við þjónustukaupin.
- Vinsamlegast tilgreinið lit á sorptunnum og tekjur og gjöld sveitarfélagsins tengd málaflokknum á síðustu árum, sbr. viðhengi.

Vinsamlegast svarið erindinu sem fyrst eða eigi síðar en 11. apríl 2019.

Ef spurningar vakna er hægt að hafa samband við verkefnisstjóra verkefnisins, Elísabetu í síma 695-3003 eða með því að senda póst netfangið [elisabet@bjorney.is](mailto:elisabet@bjorney.is) og öll gögn eiga að berast til hennar.

Með bestu kveðju og fyrirfram þökkum,

Bjarni Guðmundsson,  
framkvæmdastjóri SASS

Elísabet Björney Lárusdóttir,  
umhverfisfræðingur og verkefnisstjóri